

Nd.

486. Breytingartillögur

[259. mál]

við frv. til laga um skattkerfisbreytingu.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen og Ásberg Sigurðssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:
3. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 1. gr. laga nr. 7/1972) orðist svo:
Tekjum og eignum hjóna, sem samvistum eru, skal skipta til helminga og skattur reiknaður af hvorum helmingi um sig, enda þótt séreign sé eða sératvinna. Skattfjárhæðir skulu birtar skv. ákvörðun ríkisskattstjóra. Hjónin ábyrgjast skattgreiðslu og undirrita skattframtalið. Rétt ber því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess af þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur vegna séreignar eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.
2. Við 1. gr. (sem verður 2. gr.).
 - a. Í stað „84 700 kr.“ í 1. mgr. komi: 124 000 kr.
 - b. Í stað „38 500 kr.“ og „23 000 kr.“ í 2. mgr. komi: 62 000 kr. og 37 200 kr.
 - c. Nýr liður bætist við 13. gr., er verði G-liður, svo hljóðandi:
Heimilt skal fjármálaráðherra að veita þeim, er við fiskvinnslu starfa, sérstakan frádrátt samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
3. Við 2. gr. frv. (sem verður 3. gr.).
 - a. Í stað „1 232 kr.“ í 1. mgr. komi: 5 000 kr.
 - b. Í stað „7 700 kr.“ í 2. mgr. komi: 18 600 kr.
4. Við 3. gr. frv. (sem verður 4. gr.).
 - a. Í stað „238 000 kr.“ í A-lið 1. mgr. komi: 310 000 kr.
 - b. B-liður 1. mgr. orðist svo:
Fyrir hjón samtals 435 000 kr., 217 500 kr. hjá hvoru.
 - c. Í stað „50 000 kr.“ í C-lið 1. mgr. komi: 62 000 kr.
 - d. Í stað „96 000 kr.“ og „11 000 kr.“ í 3. mgr. komi: 124 000 kr. og 13 500 kr.
 - e. Á undan 4. mgr. komi 2 nýjar mgr., er verði 4. og 5. mgr. og orðist svo:
Við ákvörðun sameiginlegra hreinna tekna hjóna skal draga frá tekjum, auk frádráttar skv. 1. mgr., kostnað vegna heimilishalds. Frádrátturinn skal reiknast þannig:
Ef hjón vinna bæði utan heimilis, eða vinna önnur tekjuaflandi störf en heimilisstörf á heimilinu, skal draga frá sameiginlegum hreinum tekjum þeirra 124 000 kr., auk 13 500 kr. fyrir hvert barn þeirra innan 16 ára aldurs. Sé ekki um fullt ársstarf að ræða hjá öðru hvoru eða báðum hjónanna, skulu áður nefndir frádrættir lækka hlutfallslega miðað við starfstíma.
Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga og hjóna, sem annað hvort eða bæði eru orðin 67 ára á skattárinu, fjárhæð, er nemi fullum árlegum ellilífeyri á skattárinu, miðað við, að

hann sé fyrst tekinn frá 67 ára aldri, sbr. ákvæði 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum. Hjá þeim, sem rétt áttu til örorkulífeyris á skattárinu skv. 1. mgr. 12. gr. greindra laga og 1. mgr. 34. gr. og örorka nemur a. m. k. 75%, skal aukafrádráttur þessi nema fullum árlegum örorkulífeyri, sbr. ákvæði síðustu mgr. 12. gr. greindra laga.

5. 4. gr. (er verður 5. gr.) orðist svo:

25. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972 og 5. og 6. gr. laga nr. 60/1973) breytist þannig:

a. I. liður orðist svo:

Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 125 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 15%. Af 125 000 kr. — 375 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 18 750 kr. af 125 000 kr. og 25% af því, sem fram yfir er. Af 375 000 kr. skattgjaldstekjum og hærri greiðist 81 250 kr. af 375 000 kr. og 38% af því, sem fram yfir er.

b. IV. liður orðist svo:

Heimilisföstum mönnum hér á landi, sem skattskyldir eru skv. lögum þessum, sbr. og ákvæði laga nr. 22/1956, að því er þá menn varðar, sem eru að flytjast af landi brott, skulu greiddar úr ríkissjóði þær fjárhæðir, sem hér greinir:

a. 4 800 kr. til einhleypings, sem hefur hreinar tekjur 250 000 kr. eða lægri skv. framtali sínu. Fjárhæð þessi lækkar um 8 kr. við hverjar 100 kr., sem hreinar tekjur eru umfram 250 000 kr., og verður því engin hjá þeim einhleypingum, sem hafa 310 000 kr. eða hærri hreinar tekjur skv. framtali sínu.

b. 6 800 kr. til hjóna, 3 400 kr. til hvors, og að auki 960 kr., 480 kr. til hvors, fyrir hvert barn á framfæri þeirra, sbr. ákvæði 4. gr., hafi hjónin hreinar tekjur 350 000 kr., 175 000 kr. hvort, eða lægri skv. framtali sínu (framtölum sínum), að viðbættum 50 000 kr., 25 000 kr. hjá hvoru, fyrir hvert barn á framfæri þeirra, sbr. ákvæði 4. gr. Heildarfjárhæð þessi lækkar um 8 kr., 4 kr. hjá hvoru, fyrir hverjar 100 kr., 50 kr. hjá hvoru, sem hreinar tekjur eru umfram 350 000 kr., 175 000 kr. hjá hvoru, að viðbættum 50 000 kr., 25 000 kr. hjá hvoru, fyrir hvert barn, sbr. ákvæði 4. gr., á framfæri þeirra, og verður því engin hjá þeim hjónum, sem hafa 435 000 kr., 217 500 kr. hvort, í hreinar tekjur, að viðbættum 62 000 kr., 31 000 kr. hjá hvoru, í hreinar tekjur fyrir hvert barn á framfæri þeirra, sbr. ákvæði 4. gr., eða hærri hreinar tekjur skv. framtali sínu (framtölum sínum).

c. 4 800 kr. til einstæðs foreldris og að auki 960 kr. fyrir hvert barn á framfæri þess, sbr. ákvæði 4. gr., hafi einstæða foreldrið hreinar tekjur 250 000 kr. eða lægri skv. framtali sínu, að viðbættum 50 000 kr. fyrir hvert barn á framfæri þess, sbr. ákvæði 4. gr. Heildarfjárhæð þessi lækkar um 8 kr. fyrir hverjar 100 kr., sem hreinar tekjur eru umfram 250 000 kr., að viðbættum 50 000 kr. fyrir hvert barn, sbr. ákvæði 4. gr., og verður því engin hjá því einstæða foreldri, sem hefur 310 000 kr. í hreinar tekjur, að viðbættum 62 000 kr. í hreinar tekjur fyrir hvert barn á framfæri þess, sbr. ákvæði 4. gr., eða hærri hreinar tekjur skv. framtali sínu.

Orðin „hreinar tekjur“ í stafliðum a—c merkja hreinar tekjur skv. framtali, að viðbættum beinum og óbeinum gjaldfærðum fyrningum skv. ákvæðum C- og D-liða 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, og skv. ákvæðum 2. tl. 22. gr. laga nr. 7/1972.

Greiðslur skv. þessum tölulið teljast ekki til skattskyldra tekna skv. 7. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 7/1972, hjá móttakanda.

6. 5. gr. (er verður 6. gr.) orðist svo:
53. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 10. gr. laga nr. 60/1973) orðist svo:
Skýlt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr., svo og allar þær fjárhæðir, sem um ræðir í IV. lið 25. gr., samkvæmt skattvísitölu, sem ákveðin skal af kauplagsnefnd ár hvert, í samræmi við breytingar á almennum launatekjum.
7. Við 7. gr. (er verður 8. gr.). Í stað orðanna „5% — fimm af hundraði —“ komi: 2% — tvo af hundraði —.
8. 17. gr. (er verður 18. gr.) orðist svo:
Ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 101/1973, falli niður.
9. Við 19. gr. (er verður 20. gr.). Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, er orðist svo:
Enn fremur falla úr gildi ákvæði 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1974.
10. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr tölulíður, er verður IV. tl., er orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1974 (lög nr. 110/1973) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 1500 millj. kr. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir í öðrum lögum en fjárlögum.